

**T AFLFÉLAG
REYKJAVÍKUR**

STOFNAD 6. OKTÓBER 1900

Skáksamband Íslands
Faxafeni 12
108 - Reykjavík

Reykjavík 15. desember 2022

meðf. er svar stjórnar Taflfélags Reykjavíkur v. bréfs Skáksambands Íslands dags. 1. desember sl. varðandi fyrirkomulag opinbers stuðnings við skákhreyfinguna.

Haldinn var stjórnarfundur í Taflfélagi Reykjavíkur 12. desember 2022 til að ræða erindi Skáksambandsins og eru þau sjónarmið sem koma fram hér að neðan afrakstur þess fundar.

Skáksamband Íslands


Það var samdóma álit stjórnar T.R. að Skáksambandið skorti sárlega markvissa og aðgerðamiðaða afreksstefnu til grundvallar starfsemi sambandsins og skákskólans. Með slíkri stefnu væri hægt að veita fjármunum sambandsins á markvissari hátt og meta betur árangur sem næst með stuðningi opinberra fjárveitinga. Hvetur Taflfélagið til að sett verði af stað slík stefnumörkunarvinna innan Skáksambandsins, og að unnin verði aðgerðaáætlun henni tengd. Svör T.R. við spurningum, sem settar voru fram af Skáksambandinu, byggjast á þessari afstöðu félagsins.

Launasjóður stórmeistara í skák.

T.R. telur að núverandi kerfi sé ekki til þess fallið að efla skákstarf á Íslandi. Það sé óeðlilegt fyrirkomulag að stórmeistarar séu launþegar ríkisins og fái greidd föst laun svo fremi sem þeir standist ákveðin lágmarks markmið, sem þeim eru sett. Slíkt kerfi hvetji ekki til afreka og styður við afar einsleita starfsemi fárra einstaklinga. Betur megi verja þessum fjármunum með markmiðasettu styrkjafyrirkomulagi, svipuðu t.d. launasjóði listamanna, þar sem menn sækja um fjárveitingar, hvort sem það eru laun í einhvern fjölda mánaða; ferðakostnaður; þátttökugjöld; útgáfukostnaður eða annað til að ná ákveðnum markmiðum eða áföngum, styrkja fyrirfram skilgreinda þátttöku í mótum eða til að sinna ákveðnum tímabundum störfum. Tengja mætti umsóknirnar markmiðum afreksstefnu Skáksambandsins, væri hún til. Með þeim hætti mætti styrkja fjölbreyttari starfsemi sem ynni að sama markmiði, þ.e. að styðja við bættan árangur íslensks skákfólks. Skilyrði fjárveitinga þyrftu að vera skýr og markmið hvernar styrkveitingar einnig. T.R. telur að með þessum breytingum sé einnig unnt að styðja betur við þátttöku afreksskákanna erlendis, með mun gagnsærri hætti en nú er gert

Skákskóli Íslands

Skákskóli Íslands sinnir sínu hlutverki vel en þó er ýmislegt sem þar mætti bæta. T.R. telur Taflfélag Reykjavíkur, Faxafeni 12, 108 – Reykjavík. Netf. taflfelag@taflfelag.is, heimasíða: www.taflfelag.is



**TAFLFÉLAG
REYKJAVÍKUR**

STOFNAD 6. OKTÓBER 1900

að réttast væri að Skákskóli Íslands hefði skýrt og vel skilgreint hlutverk í afreksstefnu Skáksambandsins, væri hún til. Ógagnsæi í starfsemi skólans er mikið. Sum félög njóta kennara frá Skákskólanum, önnur ekki og er algerlega óljóst hvaða félög fái slíkan stuðning og hver ekki, hversvegna, og með hvaða hætti sótt sé um slíkan stuðning. Það er álit T.R. að til að gæta jafnræðis og sinna sem best lögbundnu hlutverk sínu að "efla vöxt og viðgang skáklistarinnar" ætti skákskólinn sérstaklega að einbeta sér að stuðningi við ungt afreksfólk í skák, en láta félögunum eftir að sinna byrjendakennslu og annarri grunnstarfsemi skákkennslunnar. Skákskólinn ætti að vera virkari í markmiðasetningu fyrir ungt afreksfólk og vinna heildaráætlun um þjálfun hvers og eins, í samstarfi við þjálfara félaganna. Þannig væri kennslan markvissari og hlutverk hvers og eins skýrara. Einnig ætti skólinn að sinna betur markvissum undirbúningi fyrir alþjóðleg verkefni ungra skákmanna í unglíngalandsliðum Skáksambandsins. Telur T.R. að réttast væri að breyta lögum um Skákskólann á þann veg að hlutverk skólans í útbreiðslu skákarinnar úti á landi færist til Skáksambandsins og verði á ábyrgð þess. Núverandi fyrirkomulag kennsluskyldu stórmeistara við skólann er ekki að skila árangri, en því yrði sjálfkrafa breytt ef fjármunum sem nú er varið í laun stórmeistara færi þess í stað í árangursmiðaða styrki.

Önnur mál:

- Skáksambandið og Skákskólinn hafa stundum veitt félögum/keppendum styrki til að senda unga keppendur á mót erlendis og er það vel. Hins vegar mætti bæta þær styrkveitingar til muna með því að auglýsa styrkina opinberlega með ákveðnum umsóknarfresti og skýrum úthlutunarreglum.
- Þjálfun landsliðsfólks ætti einnig að vera markvissari með reglubundum æfingum og jafnvel undirbúningsmótum erlendis í undanfara stórra landsliðsverkefna.

f.h. Taflfélags Reykjavíkur

Rikharður Sveinsson, formaður